

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

E.h. Skilmannahrepps, 13. maí 2005.

Sigurður Sverrir Jónsson oddviti.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina Hólalax hf., Hólum í Hjaltadal, kt. 601279-0299. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tekur gildi þann 29. apríl 2005 og gildir til 1. mars 2017.

Umhverfisstofnun, 10. maí 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*